

Mánudaginn 5. desember 2022 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 22/2022.

HRFÍ

gegn

X og XX

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 17. október 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærðu hafi gerst brotleg við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 11.11.2021 kom í ljós að Yorkshire Terrier tíkin A var ekki með niðurstöður úr DNA fyrir prcd-PRA fyrir pörun. Eigendur tíkarinnar og ræktendur gotsins eru X og XX

Í reglum um ættbókarskráningu fyrir Yorksire Terrier kemur fram: Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA. Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeiljavottorð. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánuðir.

Kæran var send X og XX til umsagnar með bréfi dagsettu 17. október 2022 og þeim gefin fjögurra vikna andmælafrestur. Engin andmæli bárust frá kærðu. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

#### IV. Niðurstaða

Kærðu teljast hafa gerst brotleg við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ með því að hafa ekki aflað þeirra gagna sem krafist er fyrir viðkomandi tegund.

Kærðu hljóta fyrstu áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja K. Magnúsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen

Selma Olsen